



19. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

mánudagur 7. febrúar 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Lárus Blöndal (LB) Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Jón Bender (JB) boðaði forföll.

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

1. Fundargerð síðustu funda

Engar athugasemdir hafa borist og því eru þær samþykktar.

2. Fundargerðir nefnda

Stjórn hefur fengið sendar til sín eftirtaldar fundargerðir:

- frá fundi dómaranefndar 28. desember sl.
- frá fundi afreksnefndar 1. febrúar s.l
- frá fundi fjárhagsnefndar 4. febrúar sl.

3. Fjármál

Eins og kemur fram í fundargerð fjárhagsnefndar hefur hún yfirfarið ársreikning 2021 og fjárhagáætlun 2022. HSJ og GH kynntu bæði ársreikning og áætlun. Umræður um reikninga og áætlun. 5 milljóna króna tap 2021 og heildarskuldir sambandsins er því um 18 milljónir sem verður að nást eitthvað niður á þessu ári. Fjárhagsáætlun fyrir 2022 gerir ráð fyrir um 7 milljóna hagnaði.

Enn er unnið að frekari stuðning frá ríkisvaldinu vegna COVID-19 og er það dapurt að t.d. sérsambönd hafa ekki enn fengið sérstakan stuðning vegna faraldursins.

HSJ ræddi skuldastöðu nokkurra félaga. Því miður alltaf sömu félögin sem greiða ekki reikninga á réttum tíma. Þetta er rætt nánast á hverjum stjórnarfundum. KKÍ hefur lagt út fyrir stærstum hluta þessara gjalda. Góðar umræður og stjórn heldur áfram að grípa til þess neyðarúrræðis nýta heimild í 6. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót þegar kemur að leikjum félaga í meistaraflokkum karla og kvenna að dæma leiki þeirra tapaða 20:0 séu reikningar komnir fram yfir eindaga. Þrátt fyrir að heimildin nái til allra flokka þá ákvað stjórn að miða þetta eingöngu við meistaraflokka. Viðkomandi félagi verður tilkynnt þessi ákvörðun að loknum fundum.



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

HSJ ræðir endurnýjun á samstarfssamningi við ERREA og boði þeirra að heimsækja höfuðstöðvar þeirra í Parma á Ítalíu í tengslum við leik karlaliðsins í lok febrúar.

HSJ segir frá samstarfssamningi sem verið er að klára við TEKT birtingar og markaðsráðgjöf.

4. Mótamál

LB og HSJ fara yfir stöðuna í mótamálum, en enn er mikið álag vegna COVID-19. Enn og aftur rætt um framkomu fulltrúa félaganna gagnvart starfsfólki og hvernig félög halda því oft fram að þau fái ekki sömu meðferð og önnur félög. Virkilega svekkjandi framkoma gagnvart starfsfólki. Stjórn ítrekar þakkar til starfsfólks skrifstofu fyrir þeirra störf. HSJ hefur töluverðar áhyggjur af því að starfsfólk sé að gefast upp á starfinu vegna þess ástands.

5. Afreks- og landsliðsmál

HSJ sagði frá undirbúningi fyrir heimaleik við Ítali í undankeppni HM karla 24. febrúar sem og útileikinn sem einnig er við Ítali 27. feb í Bologna. Kristinn Geir afreksstjóri stýrir verkefnum vel en í ýmis horn er að líta og sérstaklega núna þar sem leikurinn verður í Ólafssal en ekki í Laugardalshöll.

Kvennalandsliðið mun taka þátt í fjögurra landa móti í Tampere í Finnlandi 4.-8. ágúst en auk Finnlands taka þátt Svíþjóð og Lettland.

Valfundir þjálfara vegna niðurskurðar í yngri landsliðunum með afreksstjóra og yfirþjálfara yngri landsliða munu fara fram 8.-14. febrúar. Næsta æfingahelgi yngri landsliða verður fyrstu helgina í mars.

6. Málefni erlendra leikmanna

Enn einu sinni eru málefni erlendra leikmanna til umræðu innan stjórnar. Ákveðið að skipa þriggja manna starfshóp stjórnar til að fara yfir regluverk erlendra leikmanna með það að markmiði að skila inn tillögu eða tillögum til stjórnar fyrir 1. nóvember 2022. Stjórn mun ræða þær tillögur og leggja fyrir þing sambandins vorið 2023. Starfshópurinn mun vera í sambandi við formenn félaga á næstu mánuðum til þess að heyra skoðanir sem flestra. Starfshópurinn mun skila stöðuskýrslu á öllum stjórnarfundum þar til endanlegar tillögur hópsins liggja fyrir. EKB verður formaður hópsins og með honum verða LB og EH. Tilkynning verður send til formanna.

7. Reglugerðarbreytingar fyrir næsta tímabil

HSJ sagði frá því að Snorri Örn mótastjóri væri með hugmyndir að nokkrum breytingum í yngri flokkum fyrir næsta keppnistímabil. HSJ lagði til að mótastjóri og mótanefnd fundi fyrir næsta stjórnarfund sem er 7. mars og skili inn tillögum til stjórnar í síðasta lagi 2. mars.



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

HSJ ræddi um að breyta reglugerð varðandi félagaskipti og leikheimildir sem og greiðslur vegna þessa. Góðar umræður. HSJ mun leggja til breytingu á reglugerð á næsta stjórnarfund 7. mars.

Rætt var um nokkur önnur atriði sem hugsanlega þarf að útbúa eins og leyfiskerfi. Stjórn sammála um að gera ekki stórar breytingar fyrr en á þingi en jafnframt var því beint til HSJ að gera hugmynd að leyfiskerfi sem yrði lagt fyrir stjórnarfund í júní, unnið áfram fram á haustið og lagt fyrir þing vorið 2023.

8. Önnur mál

Ekkert bókað.

Næsti fundur verður mánudaginn 7. mars kl.17:00. Fleira var ekki bókað og fundi slitið kl. 19:45.

Ákvarðanir:

- Ársreikningur 2021 samþykktur.
- Fjárhagsáætlun 2022 samþykkt.
- Beita áfram heimild í 6. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót um að dæma leiki tapaða 20-0 sé félag í skuld við KKÍ.
- Skipa starfshóp um málefni erlendra leikmanna.
- Taka fyrir tillögur mótastjóra og mótanefndar um breytingar á næsta stjórnarfund.
- HSJ leggur fram tillögur að breytingu á reglugerð er varðar félagaskipti og leikheimildir á næsta stjórnarfund.
- Leggja fram tillögu að leyfiskerfi á þingi vorið 2023.